

Eldisstöðin Íspór hf.  
Nesbraut 25  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 8.11.2024  
UST202401-298/A.E.H.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 10. október 2024 - Eldisstöðin Íspór hf, Arnarlax, Nesbraut 25, Þorlákshöfn.**

Þann 10. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í Eldisstöðina Íspór hf, Arnarlax, Nesbraut 25 í Þorlákshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:**

1. Töluvert af fugli var við frárennslið frá seiðaeldinu.

**Eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Umhverfisstofnun barst ársyfirlit 8. ágúst 2024 og telst því frávikinu lokað.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur